

Sæll Björn

Eins og ég nefndi á fundinum í morgun áformar RARIK strenglög í Hrísey. Grunnþörfin vegna tengingu í dælu Norðurorku, þ.e. í nýja dælu og þrífösu á eldri dælu. Við erum einnig að skoða að nýta tækifærið og leggja að Ysta bæ og Hríseyjarvita og losna þar með við rekstur loflínu úti í eyggi. Dreifillínan í Hrísey er frá 1987 og því alls ekki komið að endurnýjun hennar enda erum við nú að endurnýja línur sem voru reistar á bilinu 1949-1965. Það er þó dýrt að reka loftlínur í Hrísey og á því getur verið ódýrara að endurnýja allt kerfið nú en að koma aftur og klára það sem eftir stendur. Það fer þó eftir því hversu mikið einstaka hlutar verkefnisins hvort það reynist mögulegt að klára heildarverkefnið.

Strenglöggin er ennþá í hönnun og ákvörðun um hversu langt verður farið er í vinnslu hjá Tengigjaldanefnd RARIK en hún sér m.a. um frávík frá endurnýjunaráætlun. Þar sem skipulagsnefnd Akureyrbæjar hittist í næstu viku sendi ég ykkur þær leiðir sem helst eru til skoðunar.

Fyrirhugað er að plægja nýjan streng að Kríunesi frá streng liggur að millispenni við Akur. Fyrir í sumar þurftum við af tæknilegum ástæðum að endurnýja spennu við Kríunes og settum því jarðspennustöð sem nýtist betur við strengvæðinguna. Frá Kríunesi viljum við plægja streng að dælum Norðurorku handan Norðurveggar en ég fer betur yfir það hér á eftir. Verði farið alla leið er fyrirhugað að fylgja Norðurvegi að Ysta bæ og svo með slóða að vita, mögulega þó í órækt norðan Ysta bæjar.

Möguleikarnir við að komast frá Kríunesi að dælum Norðurorku eru að okkar mati eftirfarandi:

Leið A:

Plægja streng frá nýrri jarðspennistöð við Kríunes meðfram túni og svo yfir órækt og flugvöllinn að einni sameiginlegri jarðstöð fyrir báðar dæluarnar. Strenglengdin á milli þessara tveggja punkta er um 620m. Þá þarf að plægja um 200m lágspennustreng að nýrri dælu Norðurorku (ekki á meðfylgjandi uppdrætti), en lágspennustrengur að núverandi dælu getur verið samhliða háspennustreng.

Leið B:

Reynist ekki mögulegt að vera með eina sameiginlega spennistöð fyrir báðar dæluarnar þarf strengleiðin að fara heldur sunnar, þ.e. beint að nýju dælu. Sú leið er um 880m milli sömu punkta og í leið A, eða um 260m lengri. Kostnaður við þá leið er c.a. 1 milljón dýrari en leið A sem skiptist á milli Norðurorku og RARIK.

Leið C:

Á fundi okkar í morgun nefndum við að fara með slóða sem liggur frá Kríunesi að flugvelli og þaðan að Norðurvegi. Sú leið er um 1.450m á milli sömu punkta og í leið A og því um 1,5 til 2 milljónum dýrara en leið A.

Þar sem um að ræða plægingu jarðstrengs og endurnýjun eldri dreifikerfis þarf ekki framkvæmdaleyfi vegna þessa verkefnis. Umhverfisstjóri RARIK sem er með forsendurnar fyrir því meira á hreinu er í orlofi þangað til á mánudaginn en ég skal þá senda þér forsendurnar sem við höfum unnið eftir.

Við þurfum hins vegar að fá önnur leyfi, sér í lagi og að sjálfsögðu leyfi landeiganda. Akureyrbær er eigandi landsins sem um ræðir og óskum við því eftir leyfi fyrir þessari strenglög. Þegar endanleg strengleið liggur fyrir munum við útbúa samningsteikningu fyrir viðkomandi landnúmer og útbúa meðfylgjandi staðlað samkomulag vegna þessa.

Bestu kveðjur,
Steingrímur



Steingrímur Jónsson | stejon@rarik.is

Deildarstjóri Netreksturs, Norðurlandi | Manager, Distribution North Region
Rekstrarsvið | Power Distribution

RARIK ehf | Dvergshöfða 2 | 110 Reykjavík | www.rarik.is

Sími | Phone +354 5289000 | +354 5289621

Innihald þessa skýtis er ætlað skráðum móttakanda einum. Ef þú hefur fengið skýtið vegna mistaka er þér með öllu óheimilt að framsenda eða afrita það.